**BORGARRÁÐ 15. september 2022: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skólamunastofu Austurbæjarskóla – SFS22060127**

Um árabil hefur merkum munum úr skólastarfi í Reykjavík verið safnað saman til varðveislu í svonefndri skólamunastofu, sem staðsett er í risi Austurbæjarskóla. Hollvinafélag skólans hefur annast varðveislu gripanna og sýningarhald á þeim í sjálfboðavinnu. Lagt er til að horfið verði frá þeim áformum að leggja skólamunastofuna niður. Þess í stað verði framtíð hennar tryggð helst í núverandi húsnæði í risi Austurbæjarskóla en annars í öðru hentugu húsnæði á vegum skóla- og frístundasviðs eða Borgarsögusafns Reykjavíkur.